

Stöðuskýrsla um afreksstarf Landssambands hestamannafélaga október 2022

Starfsmenn í afreksmálum

- Verkefnastjóri afreksmála, starfshlutfall 60%
- Landsliðsþjálfari A-landsliðs
- Landsliðsþjálfari U-21 landsliðs
- Yfirþjálfari hæfileikamótunar
- Aðstoðralandsliðsþjálfari A-landsliðs

Landsliðshópar LH 2022

A-landsliðshópar LH árið 2022 skipa 18 knapar alls, 6 konur og 12 karlar.

U21-landsliðshóparinn 2022 skipa í byrjun árs 16 knapar alls, 9 strákar og 7 stelpur.

Við val á knöpum í landsliðshópana er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu. Ákveðnir viðburðir eru skylduviðburðir fyrir alla landsliðsknapa að mæta á, eins og líkamlegar mælingar, fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“, ákveðin WR-mót og Íslandsmót.

Stærsta landsliðsverkefnið á árinu var Norðurlandamót sem haldið var í Álandseyjum í ágúst. Markmið knapanna var því að vinna sér inn sæti í landsliðinu sem færir á NM.

Starfsemi A-landsliðsins

Í upphafi vetrar var sett upp dagskrá fyrir landsliðið fram að NM. Hún fól m.a. í sér fyrirlestra, líkamlegar mælingar og nokkur WR-mót sem landsliðsknapar skyldu taka þátt í.

<i>Febrúar</i>	Videóupptökur af þjálfunarstund og endurgjöf frá þjálfurum.
<i>Mars</i>	Líkamlegar mælingar
<i>Apríl</i>	Fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“: <i>Frestað fram í ágúst</i>
<i>Mai/Júní</i>	Knöpum gert að mæta á 2 WorldRanking mót
<i>Júlí</i>	Landsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum
<i>Ágúst</i>	Norðurlandamót

Starfsemi U21-landsliðs

Í U21-árs landsliðshópnum er knöpum skylt að hitta reiðkennara/þjálfara að lágmarki einu sinni í viku. Landsliðsþjálfari hittir knapana og þjálfara þeirra með reglulegu millibili og fylgist náið með þjálfunarferlinu og gerir reglulega stöðumat.

<i>Janúar-apríl</i>	Knapar í U21-liðinu fengnir til að ríða upphitunarþrógramm á öllum mótum Meistaradeildar í hestaíþróttum.
<i>Febrúar</i>	Stöðumat á hópnum. Knapar sendu landsliðsþjálfara upptöku af þjálfunarstund með sínum hesti á öllum gangtegundum og fengu endurgjöf frá landsliðsþjálfara. Einnig sendu knapar greinargerð frá knapanum og hans þjálfara um stöðu parsins, styrkleika, veikleika og markmið.
<i>Mars</i>	Líkamlegar mælingar og fyrirlestur frá frjálsíþróttþjálfara
<i>Mai</i>	Stöðumat frá alþjóðadómara, riðið þrógramm á velli og gefin umsögn og einkunn
<i>Mai/Júní</i>	Knöpum gert að mæta á tvö WorldRanking mót
<i>Júlí</i>	Landsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum
<i>Ágúst</i>	Norðurlandamót

Hæfileikamótun LH

Hæfileikamótun 2022 fyrir 14 til 17 ára unglunga hófst í nóvember 2021. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 46 unglingar sóttu um og voru 29 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun og var þeim skipt upp í 2 hópa. Þátttakendur komu víð að af landinu, allt frá Hornafirði norður á Akureyri.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Síðast liðinn vetur var viðburðarríkur og hófst árið með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gist var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar m.a. ásetu og stjórnun, fimíæfingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum.

Ásamt þessu voru fengu allir tvær kennsluhelgar eftir áramót þar sem hópnum var skipt í tvennt og kennt í einkatímum. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir ásamt því að auka skilning fyrir hestinum. Síðan var einn dagur um vorið kennt úti á hringvelli þar sem var aðstoðað við þjálfun á velli ásamt því að stilla upp fyrir keppni.

Einnig var boðið var upp á allnokkra fyrirlesara í samstarfi við U21-landslíðshópinn, fyrirlestrar fyrir Hæfileikamótun stóðu U21 til boða og öfugt.

Youth Cup sem halda átti í Finnlandi í júlí féll niður en það var mót sem þessir krakkar áttu möguleika á að komast á.

Íslandsmót barna og unglunga var haldið í byrjun ágúst.

Norðurlandamót

Norðurlandamót 2022 var haldið í byrjun ágúst í Álandseyjum. Snemma var tekin sú stefna að leggja áherslu á að senda fjölmennt lið í yngri flokkum en færri í eldri flokkum. Staðsetning mótsins gerði það að verkum að mjög kostnaðarsamt var fyrir landsliðið, knapa og eigendur hesta að taka þátt í mótinu. Þrettán keppendur tóku þátt fyrir Íslands hönd í flokki unglunga og ungmenna og fimm keppendur í flokki fullorðinna.

Árangur á mótinu er vel ásættanlegur, þrjú gullverðlaun unnust á mótinu, eitt silfur og þrjú brons.

Lokaorð

Norðurlandamót í Álandseyjum var hápunktur afrekstarfsins á árinu. Uppbygging afrekstarfs LH gengur miðar jafnt og þétt, við tókum lítil framfarskref á hverju ári og er landsliðsnefnd sátt við framvinduna sem hefur skilað sér í framförum í reiðmennsku í yngri flokkum og efsta stigi afrekshestaþróttá á Íslandi.